



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á aðalfundi Skógræktarfélag Íslands**

**Patreksfirði  
1. september 2023**

Formaður Skógræktarfélag Íslands,  
skógræktarstjóri og bæjarstjóri,  
formenn Skógræktarféлага Patreksfjarðar, Bildudals og Tálknafjarðar,  
sendifulltrúi Norðmanna,  
ágætu áheyrendur.

Mér þykir vænt um að fá tækifæri til að ávarpa ykkur öll á ársfundi Skógræktarfélagins. Það þykir án efa vera í verkahring forseta Íslands að stuðla að ræktun lýðs og lands, stuðla að skógrækt. Má þá nefna að fyrir 12 árum, árið 2011, setti Ólafur Ragnar Grímsson alþjóðlegt ár skóga við formlega athöfn á Bessastöðum. Ekki er svo á neinn hallað í hópi forvera minna þótt ég geti sérstaklega atbeina Vigdísar Finnbogadóttur á sviði landgræðslu og skógræktar. Vissulega var það tilviljun en 1980, þegar hún var fyrst kjörin forseti, var ár trésins í heiminum. Ég ræddi við Vigdísu í vikunni og bað hún fyrir hlýjar kveðjur til ykkar allra.

Hollt er heima hvað. Undanfarin ár hafa ýmsar trjátegundir verið settar niður á Bessastaðanesi, fjölmörgum fræjum verið sáð. Þannig höfum við gert nesið fjölbreyttara og fallegra og bundið kolefni til að bæta fyrir mengandi flugferðir til útlanda. Í því skyni hefur einnig verið unnið að endurheimt votlendis. Skurðir hafa verið fylltir sem voru grafnir á síðustu öld til að gera grösug tún, búa til ræktarland sem ekki þarf lengur, enda rúm hálf öld frá því að búskap lauk á Bessastöðum. Um leið hafa þessar aðgerðir komið fjölskrúðugu fuglalífi til góða. Nesið er mikilvægur viðkomustaður margæsa og ýmissa annarra farfugla, æðarvarp er umfangsmikið og gæsir vappa þar um í stórum stíl.

Nú hefur Bessastaðanes verið friðlýst. Héðan af verður aðeins sáð þar í afmörkuðum reit en sú viðleitni mun áfram verða til gagns og þrýði. Horfum svo aðeins út fyrir heimahaga. Ég hef notið þess heiðurs að vera verndari Votlendissjóðs. Hann hefur nú hætt störfum tímabundið, meðal annars vegna þess að ekki hefur tekist að fá alþjóðlega vottun fyrir endurheimt votlendis.

Einnig er ég verndari landsátaks í söfnun og sáningu á birkifræi. Það verk mun hafa gengið ágætlega þótt ætíð megi gera betur og vissulega má segja að verk sé að vinna miðað við þá vitneskju sem við þykjumst hafa, að við landnám hafi fjórðungur landsins verið þakinn birkiskógi. Nú er það birkibelti aðeins um 1,5%.

Já, hver getur verið á móti skógrækt? Nú megið þið ekki halda að ég sé alveg grandalaus um þann ágreining sem gætt hefur um þá iðju, eða að ég komi bara hér til að gleðja ykkur með fagurgala. Þegar ég tók við embætti forseta, flutti á Bessastaði, vissi ég ekki eins mikið um þessi efni og ég þykist vita nú um stundir. Ég taldi til dæmis að við værum öll meira og minna í sama liði þegar kæmi að ræktun landsins, baráttu við uppblástur, að gera landið grænna, já iðjagrænt frekar en kolsvart.

Nú veit ég mun betur, ágætu fulltrúar á aðalfundi Skógræktarfélagss Íslands. Nú veit ég að deilt er um margt í landgræðslu og skógrækt – aðferðir og aðgerðir, vænlega staði og tegundir, kaup og sölu á kolefniseiningum, áhrif flóru á fínu og svo mætti áfram telja.

Og það er í raun sjálfsagt. Þegar úrlausnarefni eru flókin er lausnin sjaldan ofureinföld, sjaldan einhugur um hvað gera skuli. Þá getur varðað miklu að leita snjallra leiða, finna milliveg, miðla málum – ekki endilega að sá sem mest, heldur að ná sem mestri sátt.

Ágætu áheyrendur: Ég óska ykkur gæfu og góðs gengis á þessum aðalfundi og í öllum ykkar störfum í þágu lands og þjóðar. Ég fagna því líka sérstaklega að hér sé fulltrúi sendiráðs Noregs á Íslandi. Í skógrækt höfum við Íslendingar lengi notið kunnáttu og vinarhugar frænda okkar Norðmanna.

Því má líka fagna að skógræktarfolk hittist á þessum slóðum. Hér við sunnanverðan fjörðinn bjó séra Björn Halldórsson í Sauðlauksdal, frábær lærdómsmaður og forvígismaður í mörgu, meðal annars landgræðslu, enda skemmdi sandur þar einatt engi og tún.

Vel er við hæfi að halda í Sauðlauksdal eftir fundahöld morgundagsins og þess má svo minnast næsta ár að þá verða þrjár aldir frá fæðingu Björns. Eldmóður hans var með eindæmum. Hann sáði melgresi og hann reisti varnargarða en náttúruöflin létu ekki að sér hæða. Snemma árs 1763 olli sandfok svo miklum skemmdum á Sauðlauksdalstúni að við lá að séra Birni féllust hendur. Eflaust þekkir margt heimafolk hér þessa sögu og jafnvel mergjaðan

kveðskap prests um sandpláguna. Hann gafst ekki upp og kapp hans má vera til eftirbreytni. Ég leyfi mér að gera baráttuvísur Björns í Sauðlauksdal að lokaorðum mínum hér um leið og ég ítreka góðar óskir til ykkar allra:

Sandur mér hingað sendist,  
sandurinn á þann vanda,  
sandurinn sjónir blindar,  
sandurinn byrgir landið,  
sandurinn sést hér undir,  
sandur til beggja handa,  
sandurinn sáðverk hindrar,  
sandur er óstillandi.

Sandur á sætrum lendir,  
sandurinn klæðum grandar,  
sandurinn byggðum sundrar,  
sandurinn teppir anda,  
sandur í drykknum syndir,  
sandur í froðu blandast,  
sandurinn sætir undrum,  
sandurinn er minn fjandi.